

Mál nr. 72/2020

V1 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar BÁgreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 6. október 2019.**Gögn.**

Málskot móttakið 27.02.2020 ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V1, dags. 10.03.2020.

Bréf V2, dags. 16.03.2020.

Málsatvik.

Hinn 6. október 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B á Höfðabakkabru í Reykjavík. Var lögregla kölluð til og lögregluskýrsla um umræddan árekstur er meðal málgagna. Þar kemur fram að samkvæmt framburði B hafi hún ekið bifreið sinni á um 60 kílómetra hraða á klukkustund gegnt grænu umferðarljósi suður Höfðabakka yfir gatnamótin á brúnni yfir Vesturlandsveg. A hefði verið ekið Vesturlandsveg í austur og inn á gatnamótin með akstursstefnu inn á Höfðabakka í norður. Bifreiðarnar hefðu skolið saman á gatnamótunum og taldi B að A hefði verið ekið gegnt rauðu umferðarljósi. Samkvæmt lögregluskýrslu var framburður M á þann veg að hún hefði ekið á 50-60 kílómetra hraða á klukkustund upp á Höfðabakkabru með akstursstefnu í norður. Þá myndi hún ekki hver staða ljósanna hefði verið þegar hún ók upp á brúna.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú M skyldi bera alla sök á umræddum árekstri þar sem sannað þótti að hún hefði ekið gegnt rauðu umferðarljósi. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að framburður hennar um að hún hafi ekki getað „kallað fram skýra mynd af stöðu ljósanna“ hafi verið túlkaður henni í óhag þrátt fyrir að ekkert í þeim framburði gefi til kynna að hún hafi ekið gegnt rauðu umferðarljósi og sé lögregluskýrsla ófullnægjandi hvað þetta varði. Þannig sé einhliða framburður B lagður til grundvallar niðurstöðu, en engin vitni að atvikinu hafi gefið sig fram. M sé hins vegar viss um að grænt umferðarljós hafi logað á akstursstefnu hennar.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er tekið fram að félagið sé, með hliðsjón af gögnum málsins, sammála niðurstöðu tjónanefndar og muni því ekki skila frekari athugasemdum.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram sú afstaða að M beri alla ábyrgð á umræddum árekstri enda verði að telja sannað að hún hafi ekið gegnt rauðu umferðarljósi umrætt sinn. Byggi sú afstaða á skýrum framburði B og því að M sé ekki í aðstöðu til að mótmæla honum þar eð hún viti ekki hver staða umferðarljósa hafi verið er hún ók inn á gatnamótin. Fullyrðing M í málskoti um að hún hafi ekið gegnt grænu ljósi sé enda í ósamræmi við fyrri fullyrðingar um að hún muni ekki hver staða umferðarljósa hafi verið og verði því ekki byggt á henni.

Álit:

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ekki munað hver staða umferðarljósa hafi verið þegar hún ók upp á Höfðabakkabru og verður ekki séð að það breyti inntaki þess framburðar þó miðað sé við að hún hafi ekki getað „kallað fram skýra mynd af því“. Verður að miða við framburð M í frumgögnum málsins, þ.e. lögregluskýrslu og verður því ekki byggt á fullyrðingu hennar í málskoti þess efnis að hún sé þess fullviss að grænt ljós hafi logað á akstursstefnu hennar. Framburður B í lögregluskýrslu, um að B hafi verið ekið gegnt grænu ljósi er hins vegar afdráttarlaus og er ekkert komið fram er hnekki honum. Verður því að byggja á því að M hafi umrætt sinn ekið gegnt rauðu umferðarljósi í veg fyrir aðra umferð og ber hún því alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 2. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.